

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2015.

Á skýrslufundi (aðalfundi) sem haldinn var þann 12. febrúar 2015 í húsakynnum Opinna Kerfa að Höfðabakka 9 Reykjavík var fyrri stjórn og varastjórn endurkjörin en hana skipa Ágúst Úlfar Sigurðsson, Bergsveinn Þórarinsson, Bergþóra K. Ketilsdóttir, Jón Ragnar Höskuldsson, Þorsteinn Hallgrímsson og Örn Kaldalóns.

Stjórnarfundir

Tveir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu. Sá fyrri þann 31. mars 2015 hjá Borgun Ármúla 30, 108 Reykjavík og var Þorsteinn Hallgrímsson þá kosinn formaður stjórnar. Sá síðari var haldinn þann 29. september einnig hjá Borgun. Þakka ber fyrir veitingar á fundunum.

Saga upplýsingatækni á Íslandi 1954 – 2014

Á síðasta aðalfundi var greint frá því að ritun á Sögu upplýsingatækni á Íslandi 1964 – 2014 væri komin talsvert á veg. Það reynist því miður of bjartsýnt því Þorgrímur Gestsson sem hóf verkið, og hafði m.a. tekið viðtöl við 25-30 manns, það í apríl um að verða leystur undan verkinu og samdi Ský þá við hann um verklok. Hann skilaði af sér um páska og hafði þá skrifað talsvert mikið um árin 1964 - 1994.

Þá voru góð ráð dýr og hófst nú leit að nýjum rithöfundum sem endaði með því að leitað var til Önnu Ólafsdóttur Björnson um ritunina og í ágúst 2015 var gerður samningur við hana um það. Hún hóf störf í september og hefur unnið af miklu kappi við heimildarvinnu, að taka viðtöl og við skriftir, og nú í byrjun febrúar 2016 er alfa útgáfa ritsins tilbúin. Hún miðast við að ritið verði til að byrja með vefrit, þ.e. aðeins aðgengilegt á vefnum. Mögulega verður það síðar gert að raðbók.

Alfa útgáfan fer í yfirlestur og og þar sem Anna er í öðru verkefni fram yfir páska verður þráðurinn tekinn upp þá. Vonast er til að vefútgáfan verði opnuð í vor.

Auk þess að laga textann og prófarkalesa vantar enn myndir í ritið. Nýlega var send beiðni til allra félaga í Ský um að senda áhugaverðar myndir til Ský á netfangið sky@sky.is. Rétt er að áréttta það að Öldungadeild tók að sér að að fara yfir aðsendar myndir og velja úr þær sem henta til birtingar.

Ritnefnd skipa þau Arnlaugur Guðmundsson sem nú er formaður, Frosti Bergsson, Gísli Már Gíslason, Gunnar Ingimundarson, Sigurður Bergsveinsson, Sigríður Olgeirsdóttir og Vilhjálmur Þorsteinsson. Með ritnefnd starfa þau Arnheiður Guðmundsdóttir og Þorsteinn Hallgrímsson.

Síðasta fjárhagsáætlun gefur til kynna að til verði nægjanlegt fé til að ljúka verkefninu en Ský á sjóð og hefur ábyrgt verkefnið.

Fræðslufundir.

Á síðasta aðalfundi Öldungadeildar var samþykkt að beina því til stjórnar að halda almenna félagsfundum í tengslum við fyrirtækjaheimsóknir. Haldinn var einn fræðslufundur og var hann haldinn í Þjóðarbókhöllu þriðjudaginn 27. október kl. 15:30. Þar voru kynnt tvö mikilvæg gagnasöfn á sviði menningarvarðveislu og upplýsingaleitar, þ.e. gagnasöfnin **timarit.is** og **Íslenska vefsafnið (vefsafn.is)**. Í timarit.is eru stafrænar endurgerðir blaða og tímarita, alls

tæplega 5 milljónir blaðsíðna og í vefsafninu eru afrit af íslenskum vefsíðum frá 1996 til 2015 alls um 430 milljónir skjala og um 1xx Tb að stærð.

Minjasöfnun

Varðveisla á þeim eldri búnaði sem er í geymslu hjá Nýherja er örugg en ekki er kostur á að bæta neinu við þar. Mikilvægt er að huga að viðbótargeymslu og verður það verðugt verkefni næstu stjórnar.

Nokkuð var að venju rætt um varðveislu eldri búnaðar og hvort unnt væri að finna geymslur fyrir hann til frambúðar sambærilegt við það sem Danir hafa gert. Ef það á að takast þarf að finna styrktaraðila sem er tilbúinn að kosta leigu til nokkurra ára. Einnig kom fram að mjög æskilegt væri að hafa aðstöðu til að sýna búnaðinn að staðaldri.

Ráðstefnur

Stjórninni er ekki kunnugt um að félagar hafi sótt ráðstefnur sem tengjast áhugasviði Öldungadeildar.

Lokaorð

Það er að sjálfsögðu markmið Öldungardeildar að efla starfið og fjölga félögum og að venju mælist formaður til þess að núverandi félagar, 56 að tölu, hafi samband við þá sem þeir þekkja og hvetji þá til að gerast félagar. Öllum sem sótt hafa fundi og/eða lagt starfi Öldungadeildar Skýrslutækni félags Íslands lið á árinu 2015 skal hér með þakkað af alhug.

Þorsteinn Hallgrímsson
Formaður Öldungadeildar Ský.

Til umræðu á fundinum.

Ályktun

Öldungadeild Ský beinir því til stjórnar Ský að taka virkan þátt í að tryggja fjárframlög til Máltækni sjóðs í samræmi við þá áætlun sem „Nefnd um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni“ setti fram árið 2014 í skýrslu sinni um notkun á íslensku í stafrænni upplýsingatækni.

<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=45BF6E91E01EEC7600257DF600495736&action=openDocument>

Í áætluninni er gert ráð fyrir að á árunum 2015 til 2024 verði þessi framlög 990 milljónir króna, en árin 2015 og 2016 voru samþykkt framlög á fjárlögum 15 m. kr. og 30 m. kr. Ljóst er að það stefnir í ófni með að framfylgja þessari áætlun.